



Framakonur

Mikilvægi kvenna í valda- og áhrifastöðum og hindranir sem þær standa frammi fyrir. Skoðað út frá femínískum fræðum.

Karen Ásta Kristjánsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Framakonur

Mikilvægi kvenna í valda- og áhrifastöðum og hindranir sem þær standa frammi fyrir. Skoðað út frá femínískum fræðum.

Karen Ásta Kristjánsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Gyða Margrét Pétursdóttir

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Karen Ásta Kristjánsdóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Í ritgerðinni eru mismunandi sjónarhorn í femínískum fræðum notuð til þess að varpa ljósi á mikilvægi framakvenna og hindranir sem þær standa frammi fyrir. Sjónum er sérstaklega beint að íslensku samfélagi. Hér eru lagaleg réttindi kvenna sterk, í stjórnámálum hefur fjöldi kvenna aldrei verið meiri og breytingar á hlutafélagalögum sem kveða á um jafnt kynjahlutfall í stjórnnum fyrirtækja sýna að full ástæða er til að gleðjast yfir árangri í jafnréttismálum á Íslandi. Þegar betur er að gáð er kynjamisvægi engu að síður djúpstætt í samfélagskerfinu og ósýnileg öfl til staðar sem hindra að konur og karlar standi jafnfætis í raun og veru. Ritgerðin er skrifuð með það að markmiði að sýna hversu mikilvægt það er að sofna ekki á verðinum gagnvart þeim hindrunum sem konur á framabrot standa andspænis í umhverfi þar sem háværar raddir eru á lofti um að nú sé jafnréttið í höfn.

Formáli

Ég þakka leiðbeinanda mínum Gyðu Margréti Pétursdóttur fyrir afar góðar og gagnlegar ábendingar. Eins vil ég þakka systur minni Gabriellu Unni Kristjánsdóttur fyrir yfirlestur og góðan stuðning og Alexander Eyjólfssyni sem ætíð hefur mætt verki mínu með jákvæðni og áhuga. Ritgerðina tileinka ég dóttur minni, Freyju, megi allir hennar vegir vera færir.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	6
2. Mismunandi sjónarhorn í femínískum fræðum.....	7
2.1 Frjálslyndur femínismi.....	7
2.2 Róttækur femínismi	8
2.3 Sósíalískur femínismi	9
2.4 Aðrar áherslur	9
2.4.1 Póstmódernískur- og póststrúktúralískur femínismi	10
2.4.2 Áhersla á samvinnun kyns við aðrar mismunarbreytur	11
3. Staða kvenna skilgreind í gegnum þrjár áherslur	13
3.1 Opinbert svið og einkasvið	13
3.2 Óháðir karlar en háðar konur	15
3.3 Jafn réttur eða samfélagslegur jöfnuður	16
4. Mikilvægi kvenna í valda- og áhrifastöðum.....	18
4.1 Fyrirmyndir og konur á framabraut.....	18
4.2 Hagsmunir kvenna.....	22
5. Stjórnþæki hins opinbera	24
5.1 Jákvæð mismunun og sértækar aðgerðir.....	24
5.2 Kynjakvótar og virkir gerendur.....	25
6. Niðurstöður.....	28
7. Heimildaskrá	30

1 Inngangur

Í ritgerðinni beini ég sjónum að konum í valda- og áhrifastöðum í vestrænum samfélögum, en tek þó sérstaklega mið af íslenskum raunveruleika. Framan af hefur sagan mikið til einkennst af útilokun á hlut kvenna, þar sem þær hafa sjaldan komið fram í hverskyns skilgreiningum á hver hafi völd og áhrif eða ætti að hafa þau. Karlar hafa skapað umgjörð samfélaganna og þær hefðir og venjur sem í þeim gilda. Svo þrátt fyrir að formleg réttindi kvenna hafi verið leiðrétt hér á landi og víðar stendur eftir sú staðreynd að konur standa höllum fæti gagnvart körlum. Samkvæmt rannsókn Hagstofunnar á hlutfalli karla og kvenna í áhrifastöðum á Íslandi árið 2008 eru karlar við stjórnvölinn í mun ríkara mæli en konur og þó hlutur kvenna fari vaxandi í ýmsum áhrifastöðum stendur fjöldi þeirra í stað eða minnkar í öðrum. Þar kemur fram að kynjaskipting stjórnenda og embættismanna í heild var 29% konur en 71% karlar. Meðal stjórnarformanna og stjórnarmanna fyrirtækja voru 20% þeirra konur, auk þess sem karlar eru í miklum meirihluta í stjórnun samtaka atvinnulífsins og í stjórnun helstu fyrirtækja á markaði (Hagstofa Íslands, 2009).

Nýleg dæmi um framgang kvenna hér á landi og þá aðallega í stjórnámálum eftir Alþingiskosningarnar 2009, þar sem konur náðu í fyrsta sinn helmingi þingsæta og Jóhanna Sigurðardóttir fór í sæti forsætisráðherra, sýna að staða kvenna er að styrkjast. En betur má ef duga skal og enn eru töluverðar hindranir sem konur á framabrot standa frammi fyrir. Umfjöllun erlendra tímarita um stöðu jafnréttismála urðu til þess að Ísland hefur verið álitid fyrirheitna landið í þessu sambandi, þar sem jafnréttismál eru í höfn og heyra sögunni til (Newsweek, 2011). Slík umfjöllun er vissulega vísbending um jákvæða þróun en er að sama skapi afmyndun á raunverulegri stöðu þessara mála en slíkt getur orðið til þess að veikja málstaðinn. Tölurnar tala sínu máli og styðja ekki við þá mynd sem dregin hefur verið upp. Því er ljóst að nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að sofna ekki á verðinum í jafnréttismálum. Ég skrifa ritgerðina út frá femínískum fræðiskrifum og í þessum anda. Þar sem ég leitast við að varpa ljósi á *hvers vegna* það er mikilvægt að konur séu til jafns við karla í valda- og áhrifastöðum og *hvaða þættir* standa í vegi fyrir að svo sé. Út frá þessari umfjöllun spyr ég hvort kynjakvótar séu hentug lausn til þess að leiðrétta þá stöðu sem rakin er í ritgerðinni.

Ég byrja hins vegar að skoða femínískar stjórnámálafræðikenningar og sýni með því hversu margbreytilegar áherslur hugtakið *femínismi* inniheldur. Þróun femínískrar hugmyndafræði hefur falið í sér djúpar kenningarlegar deilur. Misjöfn sjónarhorn endurspeglar að mörgu leiti margbreytileika þeirra þarfa og þess skilnings sem kemur til vegna mismunandi aðstæðna og skynjunar kvenna. En auk þess endurspeglar það líka mismunandi pólitíska hugmyndafræði sem fræðin eru unnin upp úr. Kenningarlegur grunnur fyrir þeirri umfjöllun sem koma skal í ritgerðinni er því nauðsynlegur. Ekki aðeins til þess að skoða styrkleika og veikleika hvers sjónarhorns fyrir sig heldur sömuleiðis til þess að varpa ljósi á þá afstöðu sem ég tek í ritgerðinni með efnisvali og greiningu á viðfangsefninu.

2 Mismunandi sjónarhorn í femínískum fræðum

Hér verður farið í meginstefnur femínískra stjórn málafræðikenninga og þannig varpað ljósi á mismunandi sjónarhorn fræðanna. Ég byrja að skoða þær hliðar sem byggja á þremur hefðbundnum straumum stjórn málafræðilegrar hugsunar; frjálslyndan-, róttækan- og loks sósíalískan femínisma. Gróska í stjórn málum á níunda áratugnum ýtti úr vör spennandi tímum í femínískum fræðum. Nýjar hugmyndir sýndu fram á aðra möguleika en þá sem eldri kenningar höfðu fram á að færa. Í seinni hluta kaflans fer ég í gegnum þær og dreg fram póstmódernískan- og póstrúktúralískan femínisma auk þeirra femínísku fræða sem leggja áherslu á samtvinnun kyns við kynþátt, þjóðerni og aðrar mismunarbreytur.

2.1 Frjálslyndur femínismi

Út frá frjálslyndum femínisma er staða kvenna í samfélagi talin óréttlát þar sem ákveðnar hindranir standa í vegi fyrir að þær geti tekið að fullu þátt í þjóðfélaginu. Frjálslyndur femínismi leggur áherslu á hið opinbera; á lagalega, pólitíska og stofnanalega baráttu fyrir rétti einstaklingsins til þess að eiga sömu möguleika á frjálsum markaði. *Frelsi* er notað í skilningi þess að vera frelsi frá íhlutunum ríkis eða stjórnvalda en líka í formi þess að vera frelsi frá hindrunum hefða og hleypidóma. Barátta frjálslynds femínisma byggir á því sjónarhorni að kynin séu í grundvallaratriðum eins og þar sem konur eru líka menn eiga þær að búa yfir þeim rétti og því frelsi sem þarf til þess að hafa sömu möguleika og þeir. Markmið frjálslynds femínisma er þannig óhindruð borgaraleg þátttaka kvenna og jöfn staða kynjanna á hinu opinbera sviði. (Beasley, 1999; Bryson, 1992).

Samkvæmt fræðunum samþykkja frjálslyndir femínistar utanaðkomandi afskipti á þeim forsendum að verið sé að greiða fyrir eðlilegri þróun á hinu náttúrulega stigveldi. Konur séu í grundvallaratriðum ekki frábrugðnar körlum og eigi að búa yfir sama rétti og þeir en samt sem áður séu þær beittar óréttlæti á grundvelli kyns síns. Þar sem slíkar hindranir eru til staðar geti verið nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að beita sér fyrir réttlætinu með íhlutun en aðeins á hinu *opinbera* sviði. Frjálslyndur femínismi telur því ekki ástæðu til íhlutunar með beinum hætti á innviði heimilis, á grunni þess að slíkt sé einkamál hverrar fjölskyldu og valdamisrétti í einkalífnum jafnast sjálfkrafa út þegar hið opinbera hefur rétt úr kútnum (Bryson, 1992).

Ísland er athyglisvert í þessum sambandi. Hér var það hægri stjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks (1999-2003) sem innleiddi ný lög um fæðingarorlof og hafði í för með sér róttækari breytingar en áður höfðu sést á hinu norræna fæðingarorlofskerfi, en þau tryggðu feðrum sama rétt á fæðingarorlofi og mæðrum. Þessar breytingar voru drifnar áfram af jafnréttissjónarmiðum þar sem hið yfirlýsta markmið var að minnka fjarveru kvenna *á hinu opinbera sviði* og stuðla að aukinni þátttöku feðra í uppeldi barna sinna. Í þessu máli þóttu því hægri stjórnvöldum handaflsaðgerðir nauðsynlegar, bæði til þess að leiðrétta óréttláta stjórnsýslu en hafa sömuleiðis með því óbein en ótvíræð áhrif á ábyrgð foreldra gagnvart börnum sínum *innan* veggja heimilisins (Lög um foreldra- og fæðingarorlof nr. 95/2000).

Fæðingarorlofslögin eru þó frávik frekar en regla og endurspegla ekki áherslur frjálsslynds femínisma eins og hann birtist í fræðunum. Hvatarnir sem liggja þeim að baki eru því áhugaverðir. Fyrir utan þverpólítíska samstöðu um þörfina fyrir nýju og endurbættu fæðingarorlofskerfi hér á landi voru þættir til staðar sem ýttu undir velvild ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Þeir snéru einna helst að *rétti karla* í jafnréttismálum. Hæstiréttur hafði nýverið úrskurðað að þáverandi fæðingarorlofskerfi bryti á rétti feðra sem vissulega þrýsti á nýjar lagasetningar. En sá úrskurður var í takt við breyttar áherslur í jafnréttismálum á Norðurlöndum, þar sem staða karla í meðferð þeirra fékk aukið vægi. Þetta hafði mikið að segja um að fyrrnefndar leiðréttingar á kerfinu voru samþykktar af frjálsslyndum stjórnvöldum. Breytingarnar voru til hins betra og báðum foreldrum í hag, en urðu til þess að bæta stöðu feðra án þess að skerða stöðu mæðra (Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2009). Kaldhæðnin leynir sér því ekki, að eitt stærsta skref í jafnréttismálum á Íslandi hafi verið tekið af frjálsslyndum stjórnvöldum og til leiðréttingar á bágrri stöðu feðra.

Þar sem frjálsslyndur femínismi gagnrýnir ekki *samfélagskerfið* sem slíkt má segja að forsendur breytinganna séu mikið til í takt við þær áherslur sem sjónarhornið leggur upp úr. Róttækir femínistar telja hins vegar að þess háttar breytingar á núverandi kerfi séu ekki *nægjanlegar* til þess að tryggja jafnrétti kynjanna enda er hugmyndafræði þeirra byggð á gjörólíkum grunni og þær skoða ég næst.

2.2 Róttækur femínismi

Andstætt þeim frjálsslynda grundvallast róttækur femínismi á því að kynin séu *ólík*. Konur eigi meira sameiginlegt með hver annarri (heldur en með körlum) óháð stéttarstöðu þeirra, kynþætti, aldri, þjóðerni eða öðru. Í heimi sem er stjórnaður af karlmönnum eru konur undirokaðar á forsendu kynferðis síns; þær eru kúgaðar af körlum og hinum karllægu gildum sem þjóðfélagið er byggt á vegna þess að þær eru *konur*. Til þess að tryggja jafnrétti beggja kynja sé því nauðsynlegt að beina sjónum að konum og setja þær í forgang. Þar skiptir samstaða kvenna miklu máli (Beasley, 1999; Bryson, 1992).

Róttækir femínistar sjá kynbundna kúgun sem elsta og jafnvel rótgrónasta form óréttlætisins og auk þess kúgun kvenna sem undirstöðu þeirrar víðfeðmu kúgunar sem á sér stað í heminum í dag. Til dæmis séu ójöfn valdatengsl innan kapítalíska kerfisins komin úr rótum hennar en ekki öfugt. Róttækir femínistar staðsetja karlmenn því í hóp andstæðinga kvenna vegna þess að þeir eru höfuðástæða þess að núverandi kerfi þrífst og kúgun kvenna viðhelst. Karlmenn eru þeir sem njóta ávinnings af kerfinu, *feðraveldinu*. Feðraveldi er lykilhugtak í róttækum femínisma og skilgreint sem *rótgróið samfélagskerfi þar sem grundvallarforsenda kúgunar er kynbundin* (Beasley, 1992; Bryson, 1999). Róttækir femínistar segja enn fremur að þar sem valdatengslin eru svo djúpt í samfélaginu sé nauðsynlegt að það komi til byltingarkenndra breytinga svo mögulegt sé að ná nauðsynlegum árangri í að jafna hlut kvenna. Þær börðust þannig gegn því sem talið er náttúruleg og líffræðileg undirskipun innan feðraveldisins með því að krefjast þess að staða kvenna yrði leiðrétt (Beasley, 1999).

Mikilvægi þess að konur öðlist vald yfir líkama sínum er annar hornsteinn róttæks femínisma. Eitt helsta einkenni feðraveldisins er vanvirðingin sem kvenlíkaminn hlýtur í samfélaginu og sömuleiðis afleiðing þessa kerfis, þar sem karlar hafa haft efnahagsleg og pólitísk völd yfir konum og komist upp

með að láta mismunandi siðareglur gilda fyrir hvort kynið um sig. Klám og kynferðislegt ofbeldi hefur verið umborið og jafnvel hampað. Slíkt varpar blákalt ljósi á ójafnræði feðraveldisins (Bryson, 1992).

Róttækur femínismi var sterkastur á sjötta og sjöunda áratugnum en í takt við breytt landslag í jafnréttismálum hefur hugmyndafræði þess fléttast í aðrar stefnur fræðanna. Almenn barátta femínista í dag gegn misnotkun kvenlíkamans og meðvitundin um víðtæk áhrif slíks ofbeldis á stöðu kvenna er til dæmis sprottin úr róttækum femínisma. Ágreiningur á milli róttækra- og marxískra femínista um *orsakir* samfélagslegs ójafnaðar á milli kynjanna var svo grundvöllurinn fyrir mótun *sósíalísks femínisma* (Bryson, 1992) en hann er næstur til umfjöllunar.

2.3 Sósíalískur femínismi

Sósíalískir femínistar halda í viðhorf þess marxíska um mikilvægi þess að horfa til stéttaskiptingar og atvinnulífs en eru sömuleiðis sammála róttækum femínistum um að kynbundin kúgun sé ekki söguleg afleiðing stéttaskiptingarinnar sjálfar heldur hafi hún ákvarðast fyrir. Þannig séu rætur vandans dýpri í samfélaginu en svo að hægt sé að vinna með hann sem afleiðingu stéttaskiptingarinnar einnar (Beasley 1999; Bryson, 1992). Sýn femínísku marxisma beinist að kynbundinni mismunun á vinnuafli og hvernig valdamisvægi á milli karla og kvenna birtist í þeirri aðgreiningu. Helsta viðfangsefni sósíalísks femínisma hefur af þessu leiðandi verið að bera kennsl á hvernig rekstur heimilisins er byggður upp og viðhaldið af hinni kynbundnu aðgreiningu vinnuafsisins (Humm, 1992). Meðal baráttumála sósíalískra femínista hefur til dæmis verið að auka ábyrgð stjórnvalda á umönnun barna og laga vinnutíma að fjölskyldufólki. Slíkt sé mikilvægt til þess að auka atvinnutækifæri kvenna. Í þessum anda hafa þingmenn á Íslandi til dæmis gagnrýnt þingstörf Alþingis og fjallað um nauðsyn þess að vinnutími þingmanna verði fjölskylduvænni (Alþingi, 2006). Sósíalískir femínistar líta á slíkar umbætur á áður skilgreindum karlastörfum sem nauðsynlegan hlekk í því að auka möguleika kvenna til framsóknar.

Sósíalískir femínistar leggja áherslu á að staða kvenna fái ekki skilin án þess að greina hana í samhengi við *efnahags- og félagslegar* aðstæður þeirra. Raunverulegar umbætur í lífi kvenna komi ekki til nema þeim sé breytt á heildstæðan hátt (Bryson, 1992). Með því að víkka út hina marxísku sýn á framleiðslu og taka heimilishald og barnaupheldi inn í myndina sýna sósíalískir femínistar fram á mikilvægi þess að skoða samband kyns og hagkerfis (Humm, 1992). Greining á tengslum launavinnu og heimilisverka er því grundvallaratriði þar sem hún varpar ljósi á efnahags- og menningarlegt mikilvægi hinna *ólaunuðu og ósýnilegu* heimilisverka konunnar auk þess að draga það kynjamisrétti sem á sér stað inn á vinnustöðum fram í dagsljósið. Hvernig konur sem vinnukraftar eru álitnar minni að verðleikum en karlar í hinu kapítalíska atvinnu umhverfi (Humm, 1992).

2.4 Aðrar áherslur

Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar gat vestrænn femínismi ekki lengur aðeins flokkast undir meginstefnur þeirra klassísku; frjálslyndu- róttæku- og sósíalísku skólanna. Samfara breytingum á stöðu kvenna og pólitískri grósku komu fram fræðimenn með nýjar nálganir sem þóttu nálgast viðfangsefnið á heildstæðari hátt en þær fyrri höfðu gert (Beasley, 1999). Þessi skrif eru margbreytileg og nálgast stöðu kvenna út frá mörgum sjónarhornum en hér verða þau flokkuð í póstmódernískan- og

póststrúktúralískan femínisma annars vegar og þau skrif sem leggja áherslu á samvinnun kyns við aðrar mismunarbreytur hins vegar.

2.4.1 Póstmódernískur- og póststrúktúralískur femínismi

Femínísk skrif sem eru undir póstmódernískum og póststrúktúralískum áhrifum hafna því að hægt sé að flokka konur sem einsleitán hóp. Þau leggja áherslu á margbreytileikann, jafnt á milli hópa sem innan þeirra, auk þess að skoða hvernig sá margbreytileiki hefur áhrif á valdatengsl í heiminum. Þau gagnrýna forréttindi karla á kostnað kvenna en þó ekki á grunni sérstakra einkenna sem flokka konur hugmyndafræðilega í ákveðinn sameiginlegan hóp eins og róttækur femínismi gengur til dæmis út frá. Öllu heldur leggja þau áhersla á það sem hindrar valdajafnvægi á milli einstaklinga án þess að heyja pólitíska baráttu í kringum kyn, konu, kynþátt, kynhneigð, stétt eða aðrar slíkar flokkanir. Að þessu leiti eru póstmódernískir og póstrúktúralískir femínistar að stíga út fyrir hinn hefðbundna ramma femínískrar hugsunar með því að varpa ljósi á mögulegar takmarkanir þess að greina konur í slíku ljósi (Beasley, 1999). En þó hugmyndafræði póstmódernista og póststrúktúralista byggir á þessum sameiginlega grunni er áherslumunur á milli þeirra og því er vert að skoða stefnurnar hvor í sínu lagi.

Eins og fyrr segir hafnar póstmódernismi staðhæfingum um að til sé ákveðinn grundvallar sannleikur eða tilvist í heiminum. Fræðin byggjast á því að viðurkenna að samþykktur sannleikur um heiminn eða skilningur á honum sé ekki fasti, eilífur eða hlutlaus heldur samansettur og byggður upp í gegnum ríkjandi vald (Beasley, 1999; Nicholson, 1990). Póstmódernískir *femínistar* beina sjónum sínum að því hvernig hinn samþykkti sannleikur byggist á karllægum grunni og hvernig hann er samofin valdakerfi sem hyllir kynbundið óréttlæti og heldur niðri öðrum tegundum sannleika og skilnings. Þær sýna fram á að viðtekin hugmynd um *hið mannlega eðli* tilheyrir aðeins hinum vestræna karlmanni og útiloki aðra frá því að vera metin að verðleikum til jafns við hann. Þarna sjá femínískir póstmódernistar rætur hins kynbundna óréttlætis (Beasley, 1999; Weedon, 1992; Nicholson, 1990).

Eins og póstmódernistar þá leggja póststrúktúralískir femínistar áherslu á að greina karlveldið og á hvaða hátt stöður í samfélaginu ákvarðast á grundvelli þess, hvernig samfélagskerfinu sé háttáð og hverskonar skilningur og gildi viðhalda því. En auk þess er þeim mikilvægt að líta til *sjálfsmeðvitundar einstaklinga*. Þannig er póststrúktúralískur femínismi hugmyndafræði sem beinir sjónum sínum að *vitsmunalegum* þáttum heimsins. Með vitsmunalegum þáttum er átt við huglæg atriði á borð við viðtekinn skilning á heiminum og sjálfinu en líka tungumálinu og mótandi hætti málnotkunar. Félagskerfi og vald tengist svo óhjákvæmilega þessum þáttum að mati póststrúktúralista, en greining þeirra felst í að skoða hvernig allir þessir þættir eru byggðir upp á margbreytilegan og umbreytilegan hátt (Beasley, 1999; Weedon, 1997). Á þessum forsendum er staða konunnar metin, hvað liggur að baki þess að konur umbera félagstengsl sem skaða hagsmuni þeirra og *hvers vegna* kynin hafi í raun mismunandi hagsmuna að gæta (Weedon, 1997).

Þá segja póstrúktúralískir femínistar að viðtekin norm og gildi spili mikilvægt hlutverk í að viðhalda kynjamismuninum en sjálfsmynd einstaklinga, reynsla þeirra og þekking mótist í gegnum skilning sem hefur verið byggður upp af karlmönnum. Fólk eru hlutgert strax frá fæðingu og forritað inn í valdakerfi feðraveldisins, þar sem hlutverk og hagsmunir karla eru séðir sem hornsteinn velferðar samfélagsins og gerir það að verkum að ákveðið samþykki ríkir um að *þeir ráði* (Weedon, 1997).

Út frá þessu sjónarhorni horfa póststrúktúralískir femínistar líka á *kynjaðar sjálfsmýndir* og segja kynbundið misrétti mikið til liggja í þeim. Konur eigi ekki að beita sér í nafni kvenleikans þar sem hann er ávallt séður í samhengi við karlmenskuna. Valdatengslunum sé þannig háttáð að á meðan skilningur á karlmenskunni helst sá sami mun kvenleikinn ávallt vera fjötraður af henni (Beasley, 1999; Weedon, 1997). Þessa staðsetningu kvenleikans er áhugavert að skoða í ljósi *póstfemínískra* röksemdafærslna. Póst-femínismi er það viðhorf að femínísk barátta sé orðin óþörf þar sem sigrar hennar séu í höfn. Nú skuli fagna frelsi kvenna til þess að vera kynverur og tjá sig hvernig sem þær *vilja*. Frelsið felst í því að gera það sem femínistar berjast almennt gegn á grundvelli kynbundinnar kúgunar eins og að gangast undir staðalímyndir sem krefjast stærri brjósta og aukins kynþokka. Þarna eru skilgreindir *kvenlegir eiginleikar* notaðir til þess að þóknast karlmönnum og skerpa á valdamisvægi kynjanna í nafni femínismans, sjálfstæðis kvenna og styrks þess kvenlega (McRobbie, 2004).

2.4.2 Áhersla á samtvinnum kyns við aðrar mismunarbreytur

Femínismi sem leggur áherslu á samtvinnum kyns við aðrar mismunarbreytur kom fyrst fram á áttunda áratugnum sem gagnrýni á tilhneigingu fyrri femínista til þess að sníða fræðin í kringum *hvítar millistéttarkonur*. Það væri rangt að staðhæfa um sameiginlega reynslu kvenna þegar aðeins væri unnið undir formerkjum ákveðins hóps. Sú samfélagsstaða sem hafi verið lögð fram í fyrri fræðum gæti ekki verið skilin um konur *almenn* vegna þess að reynsla kvenna í öðrum hópum hafði ekki verið tekin inn í myndina. Sem dæmi væri ekki hægt að greina stöðu *kvenna* í Bandaríkjunum þegar tilvera *svartra kvenna* væri hreinlega hunsuð. Aðstæður væru mismunandi á milli ólíkra kynþátta- og þjóðernishópa og til þess að bregðast við óréttlátum valdatengslum kynjanna væri nauðsynlegt að horfast í augu við að áherslur baráttunnar væru mismunandi og viðeigandi lausnir sömuleiðis (Lowe og Hubbart, 1983).

Skrif þeirra femínista sem leggja áherslu á kynþátt og þjóðerni höfðu víðtæk áhrif á femínísk fræði en fyrir tilstilli þeirra kom upp vitundarvakning um mikilvægi þess að skoða stöðu kvenna í víðara samhengi en aðeins á grundvelli hinna klassisku kenninga (Beasley, 1999). Lynn Weber (2001) fjallar um *samtvinnum mismunarbreyta* en þar kemur hún með póststrúktúralíska nálgun á viðfangsefnið. Hún varpar ljósi á hvernig skilningur á sannleikanum er háður þeim raunveruleika sem fólk býr við. Sá raunveruleiki er háður stöðu þeirra í stigveldi samfélagsins en til þess að átta sig á henni er nauðsynlegt að greina félagslegt óréttlæti á sem heildstæðastan máta. Aðeins með því móti fæst raunverulegur skilningur á margslunginni stöðu kvenna. Weber leggur áherslu á sameiginleg áhrif kynþáttar, stéttarstöðu, kyns og kynhneigðar í þessu sambandi og sýnir hvernig konur standa höllum fæti út frá flókinni sögulegri þróun sem fer eftir því hvar þær eru staðsettar í heiminum og hvernig samfélag þeirra hefur tekist á við alla þessa áhrifaþætti (Weber, 2001).

Í litlu dæmi þessu máli til stuðnings er hægt að líta til Alþingis. Konur eru nú í sögulegu hámarki eða um 40% þingmanna, eða 27 talsins. Hins vegar situr engin kona af erlendum uppruna, að varaþingmanninum Amal Tamimi undanskildri (Alþingi, 2011). Bakgrunnur kvenna hefur áhrif á möguleika þeirra til að komast á þing og þar skiptir efnahagur og félagsauður máli en þær konur sem hafa alist upp hjá menntuðum foreldrunum og búið við góðan efnahag eru líklegri til að taka ákvörðun um að láta til sín taka í stjórnmálum og ná kjöri (Field, 2010). Þegar rætt er um fjölda kvenna á þingi í

Ijósi félagslegs jafnréttis er líkan samtvinnaðra mismunabreyta nauðsynlegt til þess að ná þeirri heildarmynd sem viðfangsefnið krefst.

Staða kvenna er flókin og áherslur Lynn Weber (2001) sýna framþróun femínískrar hugsunar sem fer frá því að miða við hvítar millistéttarkonur og í áherslu á heilstæða greiningu á stöðu kvenna þar sem margslungnir áhrifaþættir eru viðurkenndir. Í næsta kafla mun ég dýpka þessa sýn. Þar leitast ég við að *skilgreina* stöðu kvenna. Til þess beini ég sjónum mínum að þremur samfélagslegum víddum og skoða hvaða sýn femínísk fræði hafa á stöðu kvenna og möguleikum þeirra í því samhengi til framsóknar í valda- og áhrifastöðum.

3 Staða kvenna skilgreind í gegnum þrjár áherslur

Vestræn samfélög byggja á karllægum grunni, sem gerir það að verkum að konur eru sífellt skilgreindar *út frá* körlum auk þess að vera staðsettar *undir* þeim og *séðar* sem *háðar* þeim. Hlutverk kvenna hefur verið tengt við einkasviðið (húsverk og umönnunarhlutverk) og staða þeirra innan samfélagsins litast af því. Á meðan hafa karlar þótt tilheyra víðtækara hlutverki í samfélaginu og skilgreindir út frá stærra samhengi hins opinbera sviðs. Kyngervi karla er þannig látið liggja á milli hluta í þeim skilningi að þeir hafa staðið fyrir eiginleikum hins mennska einstaklings á meðan konur hafa verið í afmörkuðum hlutverkum þeim til hliðar (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006; McDowell og Pringle, 1992).

Með því að skoða hvernig konur eru skilgreindar í því samfélagi sem þær tilheyra fæst yfirgripsmikil sýn á mikilvægi þess að leiðrétta stöðu þeirra. En eins og umfjöllun fyrsta kafla um mismunandi sjónarhorn femínískra fræða hefur leitt í ljós þarf að líta til marga þátta. McDowell og Pringle (1992) sýna hvernig félagsleg staða kvenna hefur verið skilgreind til hliðar við karlmenn og jafnframt hversu mismunandi skilgreiningarnar eru. Þær leggja áherslu á þrjá þætti í þessu samhengi. Fyrst eru það tengsl *opinbers sviðs* og *einkasviðs* og hvernig þau hafa haft áhrif á framgöngu kvenna í samfélögum. Næst er það hvernig konur eru staðsettar sem *háðar* hinum *óháðu* körlum í gegnum margslungið valdakerfið. Loks er það mismunandi sýn á stöðu kvenna eftir því hvort horft er til samfélagslegs *jöfnuðar* eða formlegra *réttinda*.

Í þessum kafla ritgerðarinnar mun ég leitast við að skoða hvernig konan er skilgreind í vestrænum samfélögum út frá þessum þremur áherslum í femínískum fræðum. Ég byrja að skoða vídd opinbers- og einkasviðs og hvernig sú skipting hefur áhrif á aðgang kvenna að áhrifastöðum.

3.1 Opinbert svið og einkasvið

Viðfangsefni þessa kafla hefur verið meginþungi í þróun vestrænnar femínískrar hugsunar (McDowell og Pringle, 1992) en aðskilnaður samfélagsins í hið opinbera svið og einkasvið er djúpstætt í vestrænni stjórnmalahugsun og á rætur að rekja allt til hugmyndafræði Aristótelesar (Baker, 1962). Opinbera sviðið er sú hlið samfélagsins þar sem ákvarðanir er varða almenning fara fram, lög sett og samningar eða sáttmálar gerðir manna á milli. Einkasviði samfélagsins er stillt upp sem andstæðu þess opinbera og þá sem vettvangur hjarta og heimilis, þar sem fjölskyldan er meginstöðin. Þar eru samfélagsþegnar aldri upp í ást og réttu siðgæði til þess að geta þjónað sínu hlutverki sem best þegar fram í sækir. Hið opinbera hefur verið vettvangur karlmannsins á meðan einkasviðið er konunnar; þær sem eiginkonur, dætur og systur hugsa um húsið og gera það að heimili. Karlmenn eiga sömuleiðis sína stöðu innan fjölskyldunnar sem feður, synir, eiginmenn og bræður en taka þessi hlutverk ekki með sér inná á *sinn* vettvang, hið opinbera líf stjórnmálanna (Baker, 1962).

Það sem er mikilvægt í þessari skiptingu á hlutverkum kynja í samfélaginu eru forsendurnar sem þær fela í sér um eðlislægan mun karla og kvenna. Karlmenn eru þeir hyggnu en konur þær viðkvæmu og brigðlyndu og þar af leiðandi óhæfar í starf áhrifamannsins, fjölskyldan er á svo ekkert

skylt með hinu opinbera stjórnmalakerfi (Baker, 1962, Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006). Þessi hugmyndafræði er arfleifð vestræns stjórnmalakerfis og rætur þess misréttis sem konur hafa staðið frammi fyrir og gera enn. *Sagan* er þannig skrifuð í kringum ákvarðanir karlmannna og samstöðu þeirra en hún gerist aðeins þegar þeir yfirgefa heimili sín. Söguskoðun samfélaga byggist því á karlmönnum og þeirra völdum. Þar að auki hefur þessu tvískipting áhrif á *siðferðið*. Þegnurétturinn einn og sér er ekki talinn duga til þess að geta tryggt gott siðferði heldur helst hann í hendur við samfélagsstöðu og þátttöku. Sértek staða kvenna innan heimilanna gefur þeim samkvæmt þessari skilgreiningu kleift að gefa af sér og miðla siðferðislegri dyggð en þó ekki að ávinna sér eða búa yfir henni. Þær þurfi hvort eð er ekki á slíku að halda, verandi áhrifalausar (Baker, 1962).

Kristín Linda Loftsdóttir (2011) gerði rannsókn á hlutdeild kynjanna í námsefni fyrir sögukennslu miðstigs í grunnskóla. Niðurstöður hennar eru sláandi og renna stöðum undir ofangreinda gagnrýni. Í námsbókum barnanna eru karlar 80-96% nafngreindra einstaklinga og konur því um 4-20%. Konur koma þar yfirleitt fram sem eiginkonur, dætur eða mæður og sýndar við barnagæslu eða heimilisstörf. Þá er algengast að þeim sé lýst sem ráðríkum eða frekjum annars vegar eða fögrum og glæsilegum hins vegar. Karlar skipa aftur á móti þær persónur sem eru í forgrunni frásagnanna og stöð þeirra. Þeir birtast lesendum sem leiðtogar, vígamenn í átökum eða hugsuðir við skriftir. Neikvæðar lýsingar á karkyns persónum tengjast mikið grimmd og græðgi en þeir eftirsóttu eru völdugir, auðugir og kjarkmiklir.

Greining Kristínar Lindu er í anda póstrúktúralískra fræða en hún sýnir hvernig sögubækurnar staðfesta og viðhalda gömlum staðalmyndum í stað þess að breyta þeim í takt við nýjar áherslur í jafnréttismálum og þá þekkingu sem hefur skapast um sögu kynjanna og þá sérstaklega hvað varðar þátttöku kvenna. Söguskoðun Íslendinga helst þannig við og endurspeglar þann skilning sem settur er í kynbundin hlutverk hins opinbera sviðs og einkasviðs (Kristín Linda Loftsdóttir, 2011).

Í grein sinni *Feminist Theory: The Private and The Public* (1984) fjallar Nicholson um þessa tvískiptingu samfélagsins. Hún tekur undir það sem margir femínistar hafa bent á að þrátt fyrir að margar konur hafa farið af heimilunum og yfir í launuð störf og stjórnmal (sem hófst í byrjun 20. aldar á Íslandi) þá hafi staða þeirra á hinu opinbera sviði endurspeglad rötgróin viðhorf um afmörkuð hlutverk kynjanna. Félagstengsl atvinnu þeirra féllu í sama form og tvískipting samfélagsins gengur út frá á þann veg að þær voru enn undirskipaðar karlmönnum og sinntu afmörkuðum kvennastörfum (umönnun og þjónustu). Þessi yfirfærsla kynhlutverka frá einkasviðinu á opinbera sviðið hefur stundum verið nefnt upprisa *opinbers feðraveldis* en þannig er bent á ákveðna veikleika í fyrri áherslum í réttindabaráttu kvenna sem snérist um að *koma konum inná vinnumarkaðinn* (Nicholson, 1984). Umfjöllun Nicholson sýnir auk þess hversu mikilvægt er að leggja dýpri áherslu á stöðu kvenna í stjórnmalum og atvinnulífinu en frjálslýndir femínistar vilja gera. Til þess að jafna út hlutverk kynjanna á einka- og opinbera sviðunum þurfi að líta til *hlutverka* kvenna og þeirra *ábyrgðar* sem þær gangast undir en ekki aðeins réttar þeirra til þess að *vera til staðar*.

Umræðan um hið opinbera og hið persónulega er beintengt því hvernig valdið í samfélaginu virkar. Því er við hæfi að skoða næsta svið samfélagslegrar stöðu kvenna og kanna hvernig mismunandi birtingarmyndir valds varpa ljósi á það hvernig konan hefur verið skilgreind háð hinum óháða karlmanni.

3.2 Óháðir karlar en háðar konur

Til þess að skoða hvernig kynin eru staðsett gagnvart hvort öðru er mikilvægt að skoða hugtakið vald og mismunandi birtingarmyndir þess. Til þess notast ég við félagsfræðilegt valdalíkan Lukes (1975) en samkvæmt því hefur vald þrjár birtingarmyndir; augljóst vald sem er beitt í gegnum beinar aðgerðir, óljóst vald sem kemur fram sem tregða til umbreytinga og dulið vald þar sem fólk tekur því sem sjálfsögðum hlut. Kúgun kvenna í tímans rás einkennist af öllum þessum þremur birtingarmyndum valdsins (Maquire, 1985). Við skulum skoða þær nánar.

Fyrsta birtingarmynd valdsins er sú tegund sem auðveldast er að bera kennsl á. Valdi er þá beitt með beinum hætti. Stjórnvöld beita því til dæmis með lögreglu en sömuleiðis með opinberri ákvarðanatöku þar sem vandamálum er ekki mætt með viðeigandi úrræðum, í þágu óbreytts ástands (Lukes, 1975). Ísland stendur framarlega þegar kemur að formlegum réttindum kvenna. Lagaleg staða kynjanna hér á landi er jöfn sem sýnir að þessi tegund valds er á undanhaldi (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, 2008) og Ísland hefur birst í fjölmiðlum víða um heim sem fyrirheitna landið í jafnréttismálum (Newsweek, 2011). Hins vegar hefur verið bent á að formleg réttindi eru ekki sama og *raunveruleg* réttindi eða jöfn staða. Valdalíkan Lukes sýnir að bein völd eru aðeins hluti af því valdakerfi sem samfélag byggir á og staða kvenna hér á landi er mikið til fólgin í þeim þáttum sem hindra framgöngu þeirra þrátt fyrir ágæta formlega stöðu.

Önnur birtingarmynd valdsins varðar hin óbeinu áhrif þess. Lukes skilgreinir þá tegund valds sem svo að það getur *grafið undan málum* með því að afbaka þau eða endurskilgreina þegar þau koma upp svo almenningur sjái málið í öðruvísi ljósi en þeir aðilar sem upphaflega vöktu athygli á því ætluðust til (Lukes, 1975). Dæmi um hvernig þessi vídd valdsins grefur undan hagsmunum kvenna er þegar gagnrýni á lítinn hlutfallslegan fjölda þeirra í valda- eða áhrifastöðum er svarað með þeim hætti að konur sýni slíkum stöðum ekki nægilegan áhuga og sækji ekki um þær þegar raunverulegar ástæður varða margslunginn valdastrúktúr samfélagsins þar sem hefðir, hleypidómar og viðtekin gildi samfélagsins halda konum í fjarlægð frá þeim (Anderson og Hysock, 2009).

Þriðja birtingarmynd valdsins er sú sem erfiðast er að bera kennsl á og er í takt við áherslur póststrúktúralískra femínista. Þar sem slíku valdi er beitt þannig að skilningur fólks og meðvitund gagnvart umhverfinu litast af hugmyndum þeirra sem völdin hafa (Lukes, 1975). Sú söguskoðun sem endurspeglast í námsbókum íslenskra námsmanna í ofangreindri rannsókn Kristínar Lindu Loftsdóttur (2011) er dæmi um slíkt. Auk þess að komast að ójafnri stöðu kynjanna í sögubókunum varpar Kristín ljósi á að námsefni í grunnskólum er kennt sem *sannleikur* og þegar sannleikurinn kemur í formi þess að karlar standi við stjórnvölinn og sjái um leiðandi hlutverk í samfélaginu þá mótast heimsmynd barnanna á þann veg. Kynbundið misvægi í kennslubókum varðar mikilvægt ábyrgðarhlutverk þeirra sem standa vörð um námsefnagerð og það námsefni sem er valið til kennslu. Þriðja birtingarmynd Lukes sýnir hversu djúpstæð sú ábyrgð er í valdakerfi samfélagsins og styður við röksemdir Nicholson (1984) um mikilvægi þess að leggja ekki aðeins áherslu á að konur manni leiðtogastöður og önnur ábyrgðarhlutverk á hinu opinbera sviði heldur hafi *áhrif* á málaflokkana sem þær starfa við.

Að þessu sögðu er augljóst að vald er margslungið og djúpstætt fyrirbæri. En líkan Lukes gefur okkur möguleika á að bregðast við því ójafnrétti sem valdið felur í sér, vegna þess að þekking er líka

vald. Tvær leiðir eru því færar í þessu samhengi. Það er vel hægt að að nýta þekkingu á virkni kerfisins á þann veg að spila betur með því. Margar konur hafa valið þá leið. Þær hafa valið að vera sú blanda af viðeigandi hlutverkum sem kerfið kallar á. Þær hafa orðið farsælar í starfi sínu, þokkafullir makar og ábyrgar húsmæður. En með því að koma sér áfram með þessum hætti, með því að fylgja hinu karlamiðaða valdakerfi, þá verða þær að samþykkja ákveðin gildi og viðhorf sem karlmenn *en ekki konur* hafa skilgreint (Maquire, 1985). En eins og Nicholson (1984) fjallar um þá eru öfl í slíku umhverfi sem koma í veg fyrir að þær nái þeim árangri eða þeim áhrifum sem þarf til þess að þær séu jafnokar karlanna.

En með þekkinguna að vopni er líka hægt að bregða út af þessum viðteknu hugmyndum um gildi og norm með því að berjast *gegn* þeim. Framlag róttækra femínista hefur falið í sér þá sýn að í stað þess að reyna stöðugt að falla í það form sem kerfið krefst af þeim geta konur skapað sér nýja valmöguleika sem gerir þeim kleift að hafa sig frammi, öðlast þau völd sem þær eiga rétt á og brjótast úr þeirri stöðu að vera skilgreindar háðar hinum óháðum karlmönnum (Maquire, 1985). Slíkt sjálfstæði er grundvöllur þess að raunverulegt jafnrétti nái fram að ganga. *En hvað felst í jafnrétti?* Sú umræða er sú síðasta af þeim þremur áherslum sem ég skoða til þess að varpa ljósi á hvernig konur eru skilgreindar á grundvelli kyns síns í samfélögum. Þessi meðvitund um valdakerfið og hvernig það helst sniðið að hagsmunum karla, þrátt fyrir aukinn rétt kvenna til að manna áður skilgreind karlastörf, gerir umræðuna um hvernig skilgreina eigi jafnrétti áhugaverða.

3.3 Jafn réttur eða samfélagslegur jöfnuður

Það hefur löngum verið ágreiningur hvort kvennabaráttan eigi að fela í sér kröfuna um jafnan rétt kynjanna og láta þar staðar numið eða vera dýpri og snúast um samfélagslegan jöfnuð. Krafa um jafnan rétt kemur frá frjálslyndum femínistum og varðar mikilvægi þess að konur og karlar búi við sömu réttindi og möguleikum til framsóknar. Að einskorða baráttuna við það er þó af mörgum femínistum dagsins í dag talið barn síns tíma, slíkt viðhorf endurspeglir áherslur sem eru nú mikið til í höfn en taki ekki tillit til undirliggjandi þátta sem haldi við óréttlæti kynjanna, samanber umfjöllun hér að ofan um þær víddir samfélagsins sem skilgreina konur á þann hátt að þeim er haldið til hliðar við karlmenn og þannig hindruð framgangur í samfélaginu.

Í þessari ritgerð tek ég því afstöðu með þeim meirihluta femínista sem leggja áherslu á *jöfnuð* og byggja kröfur sínar á því að staða kvenna fái ekki leiðrétt til jafns við karla nema tekið sé *sérstaklega* tillit til konunnar. Þau segja að þrátt fyrir að mikið hafi unnist í réttindabaráttu kvenna með formlegum réttindum þá sé *raunverulegur* munur enn til staðar. Með því að afneita þeim mismuni á forsendum þess að enginn lagalegur munur sé á stöðu kynjanna séu frjálslyndir femínistar og aðrir sem styðja við slíkar hugmyndir óhjákvæmilega að samþykkja valdamisvægi samfélagsins (Phillips, 1987; 1995). Þessi gagnrýni sósíalista á frjálslyndan femínisma felur því í sér að ekki sé nóg að tala um jöfn tækifæri og réttindi þegar raunin er sú að ójöfn staða kynjanna er ennþá djúpstæð í samfélaginu. Ef öllum er veitt *jöfn meðferð* eins og frjálslynd hugmyndafræði gengur út á, í kerfi þar sem konur hafa ávallt staðið höllum fæti, kemur það niður á því að konum er áfram mismunað (Bryson, 1992).

Þessi umræða kemur inn á *réttlætis-* og *nytjarökin* fyrir framgangi kvenna á hinu opinbera sviði. Þau varða *réttlæti* þess að konur hafi sama aðgang og sömu tækifæri að völdum og áhrifum í

samfélaginu og svo *nytsemi* þess fyrir samfélagslega velferð (Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartadóttir, 2009). Nytjarökin eru áberandi meðal þeirra sem krefjast samfélagslegs jöfnuðar og sýna mikilvægi þess að konur búi yfir völdum og áhrifum til jafns við karla. Þau leggja þannig áherslu á að jafn aðgangur eigi ekki að vera markmið í sjálfu sér heldur jafnt hlutfall og jöfn áhrif karla og kvenna, vegna þess að konur eru mikilvægar.

4 Mikilvægi kvenna í valda- og áhrifastöðum

Samfélagsleg staða kvenna er flókið fyrirbæri eins og umfjöllun þriðja kafla leiddi í ljós. Hér beini ég sjónum mínum að tveimur helstu rökum fyrir mikilvægi þess að konur manni valda- og áhrifastöður. Fyrst fjalla ég um þau rök er varða mikilvægi góðra fyrirmynda í ljósi þess samfélagskerfis sem stúlkur og konur lifa við. Næst fer ég í þau rök sem varða mikilvægi þess að konur hafi tækifæri til þess að vera fulltrúar þeirra hagsmuna sem snerta þær. Eins og ég rakti í fyrsta kafla er sú umræða eldfim meðal femínista. Róttækir femínistar vilja flokka konur sem sérstakan *hagsmunahóp* á meðan frjálslyndir femínistar sjá konur og karla búa yfir sömu hagsmunum. Aðrir femínistar hafa sagt málið flóknara en svo en póststrúktúralískir femínistar hafa til að mynda lagt mikla áherslu á að fólk sé ekki hægt að flokka yfirhöfuð með þessum hætti og femínistar á borð við Lynn Weber (2001) hafa lagt áherslu á að litið sé til fleiri samfélagslegra þátta þegar staða og hagsmunir kvenna eru metin. Eftir að hafa skoðað þessa umræðu nánar fjalla ég um stjórnækin sem hið opinbera hefur til þess að stemma í stigu við ójafnrétti í stjórn- og atvinnumálum en þar legg ég áherslu á þann ágreining sem hefur skapast í kringum innleiðingu kynjakvóta.

4.1 Fyrirmyndir og konur á framabraut

Umræðan um mikilvægi fyrirmynda er ópreytandi. En hvað er *fyrirmynd*? Ég fylgi eftir skilgreiningu félagslegra sjálfsmýndakenninga (e. social identity theories) að fyrirmyndir verða til þegar fólk tekur eftir ákveðnum einstaklingum sem hafa náð árangri sem þeim þykir eftirsóknarverður. Aðdáun myndast og verður til þess að þeir aðilar sem líta upp til viðeigandi einstaklings, fylgjast með þeim leiðum og þeirri hegðun sem hann notar til þess að ná tilætluðum árangri. Fólk notar síðan samskonar hegðun til þess að ná svipaðri útkomu í sínum eigin aðstæðum. Hvaða einstaklingar verða að fyrirmyndum ræðst svo mikið til af félagslegum mótunarpáttum á borð við hvaða gildi og norm þykja æskileg og eftirsóknarverð í samfélaginu (Claire, 1989). Hér mun ég beina sjónum mínum að mikilvægi þess fyrir konur að hafa kvenkyns fyrirmyndir í leiðtogastöðum og byrja að skoða áhrif þeirra á félagslega sjálfsmýnd kvenna.

Í grein sinni *When is Gender a Handicap?* fjallar Lindsey Claire (1989) um félagslega mótaðar hindranir sem konur standa frammi fyrir. Nálgun hennar gefur kost á að sjá hvernig mismunun kynjanna mótast upplifun kvenna á sjálfum sér og stöðu þeirra. Óréttlátt samfélag með takmörkuðum möguleikum kvenna mótast sýn þeirra á hvers þær eru megnugar *sem konur* og dregur úr trú þeirra á hæfni sinni og getu til þess að gegna mikilvægum stöðum og hafa áhrif. Hún sýnir hversu nauðsynlegt það er að taka sálfræðileg áhrif óréttlætis á konur inn í myndina þegar rætt er um kynjamisrétti og þær hindranir sem konur standa frammi fyrir í samfélögum (Claire, 1989).

Claire fjallar um hindranir sem koma til af ójöfnu *aðgengi að stöðum* í samfélaginu. Konur hafa í gegnum tíðina skipað minnihluta stjórnunarstaða en haft ótakmarkaðan aðgang að störfum sem eru skilgreind lágt sett eða ónauðsynleg. Félagsleg sjálfsmýnd kvenna mótast af þessu á tvenna vegu, annars vegar sem svo að þær sjá sig ekki sem nægilega hæfar til þess að hafa áhrif og gegna

mikilvægum hlutverkum á hinu opinbera sviði og hins vegar að styrkleikar þeirra liggi á afmörkuðum „kvenlegum“ sviðum og láglaunastörfum. Hún segir að í samfélagi sem byggir á slíkum hugmyndum mótist sjálfsmýnd konunnar á þann hátt að hún á erfitt með að hafa sig frammi þegar kemur að samkeppni eða stöðuhækkunum. Þar að auki mótist *væntingar* kvenna um framtíð sína og frama í slíkum raunveruleika og takmarkist við þær skorður sem samfélagið hefur sett þeim (Claire, 1989). Þessar hugmyndir um mótun sjálfsmýndarinnar sem áhrifaþáttar á framgöngu kvenna hafa þó verið umdeildar meðal femínista og þá hefur oft verið talað um *glærþakið* í því samhengi. Með hugtakinu um glærþakið er verið að benda þau ósýnilegu öfl sem takmarka möguleika kvenna til þess að vinna sig upp í starfi sínu; að þrátt fyrir að flestar formlegar hindranir á möguleikum kvenna hafi verið fjarlægðar þá er samfélagskerfi stofnana og annara vinnustaða byggð upp á þann hátt að konur eiga erfitt framdráttar þrátt fyrir að eiga formlega séð að vera jafnvígar karlmönnum (Anderson og Hysock, 2009). Ósýnilegar hindranir sem slíkar eru þá oft rangtúlkaðar á þann veg að konur *vilji ekki* hafa sig frammi eða skorti metnað til þess. Það er því ljóst að mörg ólík öfl geta verið að verkum þegar möguleikar kvenna eru skoðaðir.

Hlutverk fjölmiðla í þessu sambandi er ótvírætt og Claire fjallar einnig um áhrif *upplýsinga* til almennings á hegðun einstaklinga. Hún bendir á að rannsóknir hafi ítrekað sýnt fram á neikvæða birtingarmynd kvenna í fjölmiðlum og hvernig staðalímyndir sem gegnsýra þá sýnir konum og stúlkum hvað felist í því að vera *verðugar*. Þær keppast við óraunhæfar og „fullkomnar“ staðalímyndir sem er í raun ómögulegt að fylgja eftir. Þannig að auk þess að upplýsa þær um hvers kyns hlutverk konur skulu gegna þá elur slíkur samanburður við hina fullkomnu talsýn á sjálfsóánægju og sjálfsgagnrýni. Slíkt rífur þær niður og hindrar þær í að þróa með sér sjálfstraust til þess að takast á við verkefni sem krefjast átaks og sjálfstæðis. Mikilvægi fjölmiðla í þessu sambandi er vísa sem aldrei er of oft kveðin þegar kemur að mikilvægi heilbrigðra fyrirmýnda fyrir konur og stúlkur (Clare, 1989).

Rannsókn sem Christina Wolbrecht og David E. Campell (2007) gerðu um kvenkyns fulltrúa á þingi sem fyrirmyndir í stjórnámum rennir stoðum undir það sem Claire hefur að segja um mótun félagslegrar sjálfsmýndar kvenna. Niðurstöður þeirra sýndu að eftir því sem fleiri konur sitja á þingi því meiri áhugi er hjá konum og stúlkum á stjórnámum. Þær verða líklegri til þess að ræða um pólitík og taka þátt í henni. Þá komust þau að því að seta þingkvenna hefur svipuð áhrif á umræður um stjórnámál eftir aldri en áhrif þeirra á stjórnámálaþáttöku kvenna er þó mun meiri hjá yngri konum heldur en þeim eldri. Kvenkyns stjórnámamenn geta orðið raunverulegar *fyrirmyndir* annara kvenna á þann hátt að þær vekja hjá þeim áhuga til þess að vera sjálfar athafnasamar í stjórnámum (Wolbrecht og Campell, 2007).

Í flestum ríkjum heims er óvanalegt ef ekki sjaldgæft að konur og stúlkur sjái aðrar konur í leiðtogastöðum í stjórnámum (Wolbrecht og Campell, 2007). Á Íslandi er staðan önnur. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar um Alþingiskosningar 2009 voru konur 41% frambjóðenda. Í þremur efstu sætum framboðslistunum var hlutfall kvenna lægra eða 38%. Hins vegar var hlutfall kvenna hærra meðal kjörinna þingmanna eða 43% en kjörnar voru 27 konur og 36 karlar (Hagstofa Íslands, 2010). Svo margar konur hafa ekki verið kjörnar á þing áður, en þeim fjölgaði um sjö frá kosningunum 2007 og voru þá 32% (Hagstofa Íslands, 2008).

Rannsókn sem var gerð á stjórnmalakonum í fjölmiðlum í aðdraganda kosninganna 2009 er athyglisverð. Hún leiddi í ljós að fjölmiðlar endurspegluðu ekki kynjahlutföll frambjóðendanna. Í takt við fyrri kosningar fengu karlkyns frambjóðendur meira rými en fjöldi þeirra gaf tilefni til á kostnað kvenkyns frambjóðenda sem fengu minna rými (Anna Lilja Þrastardóttir, 2010). Efnahagshrunið 2008 og hin mikla ólga í íslensku samfélagi í kjölfarið, þar sem hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar beið hnekki og vinstri stjórn tók við völdum, hefur verið talin ástæða þess að konur náðu slíkum árangri (Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartadóttir, 200). Í því umróti hefur umfjöllun fjölmiðla og áhrif kvenkyns fyrirmynda haft minna að vægi en Claire (1989) auk Wolbrecht og Campell (2007) leggja áherslu á.

Nálgun Claire á félagslega mótunarpætti kvenna og niðurstöður rannsókna Wolbrecht og Campell gefa þó til kynna að íslenskt stjórnmalalíf gæti vel talist hvetjandi fyrir konur til þess að láta til sín taka innan stjórnmalanna. Fjölmiðlar þurfa hins vegar að taka við sér og endurspegla þá sterku stöðu sem konur hafa á þingi í dag til þess að styðja við þessa þróun.

Hvað um aðrar áhrifastöður? Singh, Vinnicombe og James (2006) hafa fjallað um það hvers konar fyrirmyndir ungir kvenkyns stjórnendur hafa innan skipulagsheilda. En aðeins að íslenskum raunveruleika áður en lengra er haldið. Í úttekt Hagstofunnar á konum og körlum í áhrifastöðum kemur fram að karlar eru við stjórnvölinn í ríkari mæli en konur. Kynjaskipting stjórnenda og embættismanna í heild var næstum sú sama árið 2007 og á tímabilinu 1991-1995, 29% þeirra voru konur og 71% karlar. Konur sem stjórnarformenn og stjórnarmenn fyrirtækja voru rúmur fimmtungur. Karlar eru í miklum meirihluta í stjórnun samtaka atvinnulífsins og í stjórnun helstu fyrirtækja á markaði (Hagstofa Íslands, 2009).

Singh og félagar (2006) benda á að rannsóknir hafi sýnt að lægri settar konur innan stofnana geta vel tekið sér karlmenn til fyrirmynda á meðan karlmenn í sömu stöðu geta ekki hugsað sér kvenmenn sem fyrirmyndir sínar. Þessi mismunur á milli kynjanna bendir til íhaldsemi gagnvart hugmyndum um hinn staðlaða yfirmann, en þær eru mjög karllægar (Singh o.fl., 2006). Engu að síður nefna þau að fólk hafi tilhneigingu til þess að velja sér fyrirmyndir með svipaðan bakrunn og það sjálft. Það getur þá reynst erfitt fyrir einstaklinga sem tilheyra minnihlutahópum, að konum meðtöldum. Ungar konur hafa oft verið sagðar illa staddar vegna skorts á kvenkyns fyrirmyndum í áhrifastöðum innan stofnana, þær skorti þau viðmið sem er sambærileg því sem karlmenn hafa á þessum vettvangi (Singh o.fl., 2006).

Jafnvægi á milli atvinnu og einkalífs hefur orðið lykilatriði hjá mörgum stjórnendum í dag en þó sérstaklega konum. Þær konur sem fá tækifæri til þess að sameina þetta tvennt verða oft að fyrirmyndum ungra kvenkyns stjórnenda. Hins vegar virðist sem svo að konur hafi tilhneigingu til þess að hafna farsælum konum sem fyrirmyndum ef þær eiga ekki börn. Slíkar konur eru þá álitnar hafa gefið upp mikilvægan hlut af einkalífi sínu til þess að öðlast frama í heimi sem er smíðaður fyrir karlmenn. Rannsóknir benda til þess að konur í karllægum stofnunum séu líklegri til þess að vera þeirrar skoðunar að samstarfskonur þeirra séu ekki góðar fyrirmyndir vegna þess að þær séu að steypa sér í karllæg mót (eins og að vinna langa vinnudaga og hlæja að karlrembubróndurum) og ólíklegar til þess að greiðar leiðina fyrir ungar konur innan skipulagsheildarinnar. Í samanburði við þetta þá hafa konur sem starfa þar sem jafnvægi ríkir á milli kynjanna álitnið samstarfskonur sínar vera

góðar fyrirmyndir, á þá leið að þær séu fagmannlegar, móðins, aðgengilegar og hvetjandi (Singh o.fl., 2006). Þetta er merkilegt í ljósi þess sem fyrr kemur fram að konur taka sér þó oft karlmenn til fyrirmynda. En svo virðist sem þær setji kröfur á þær konur sem komast áfram að standa með kynferði sínu og komast áfram á þeim forsendum en ekki þeim karllægu.

Niðurstöður Sigh og félaga ítreka mikilvægi heilbrigðra fyrirmynda í fjölmiðlum, en þau komumst að þeim merkilegu niðurstöðum að ungar konur á framabraut virðast líta mikið til frægra kvenna í leit að fyrirmyndum. Þau velta því fyrir sér hvort að sú athygli sem stjórnurnar fá í fjölmiðlum valdi því að ungu framakonurnar vita meira um þær (hvort sem slíkar upplýsingar eru byggðar á sandi eða sannleik) heldur en konur sem hasla sér völl í áhrifastöðum innan stofnanna og stjórn mála. Því komum við aftur að þeim vandamálum sem fylgja brengluðum staðalímyndum í dægurmáladálkunum. Áhrif þeirra ná ekki aðeins til ungra stúlkna heldur auk þess til ungra kvenna á framabraut (Singh o.fl., 2006). Á meðan skortur er á kvenkyns stjórnendum innan stofnana og áhersla er á stjórnnum í Hollywood er líklegt að fleiri leiti til þangað til leiðsagnar.

Skortur á fyrirmyndum hefur sömuleiðis áhrif á það hvernig *komið er fram við konur* inn á vinnustöðum. Rannsóknir sýna að karlmenn hafa tilhneigingu til þess að sýna hátt settum konum óviðeigandi hegðun vegna þess að þeir eru ekki vanir þeim og finnst óþægilegt að hafa konu yfir sér. Auk þess eru kvenkyns samstarfsfélagar oft hlutgerðar á kynferðislegan hátt hjá körlum og þeir nota slíkt sem valdatæki til þess að draga úr möguleikum þeirra í samkeppni um eftirsóttar stöður (Thomas Brorsen Smidt, 2011). Án kvenkyns fyrirmynda hafa konur tilhneigingu til þess að gera sjálfar sig kynlausar í vinnunni og líta þá á það sem kænsku til þess að koma sér áfram. Þær halda aftur af kvenlegum hliðum sínum af hræðslu við að vera álitnar kalla á kynferðislega athygli frá starfsfélögum eða sýnast ófagmannlegar á þann hátt að kvenlegar hliðar þeirra veiki styrk þeirra sem starfskraftar. Leiðtoga- og stjórnunarstíll innan stofnana miðast því áfram við eiginleika karla þar sem kvenleikinn er vanmetinn og ekki sýndur, hjá báðum kynjum (Singh o.fl., 2006, Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006). Í *Fréttatímanum* 24. Október 2010 prýddi fréttakonan María Sigrún Hilmarsdóttir forsíðuna og á myndinni er tilvísun úr opnuviðtali blaðsins þar sem fjallað er lítillega um stöðu kvenna og segir að henni þyki ekki „*vænlegt til árangurs að konur séu alltaf að velta sér upp úr því að þær séu konur og að þeim sé mismunað af því að þær séu konur*“ (bls. 29). Maríu Sigrúnu hafði á þessum tíma verið veitt staða fréttapuls og var á forsíðu blaðsins í tilefni þess, þarna birtist hún því sem andlit framakonunnar (Fréttatíminn, 2010). Hér er um viðhorf frjálslyndrar hugmyndafræði að ræða, sem hefur vissulega fastar rætur í hugum landsmanna og er dæmi um þá tilhneigingu kvenna til þess að aðlaga sig að karlkyns heimi framans til þess ná sem farsælustum árangri.

Eins og hér hefur komið fram er umfjöllun um fyrirmyndir kvenna viðamikil umræða sem snertir marga fleti en fræðingar eru mikið til á sama máli um mikilvægi þeirra og hin góðu áhrif sem þær hafa fyrir frambraut kvenna. Öðru máli gegnir um viðhorf feminista til hagsmuna kvenna. En þrátt fyrir að vera sammála um að konur hafi hagsmuna að gæta í greiðari aðgangi kvenna að áhrifastöðum, þá er ágreiningur um hvort réttara sé að nálgast það viðfangsefni á forsendum *kvennahagsmuna* eða *almennra hagsmuna*.

4.2 Hagsmunir kvenna

Kvennabaráttusagan einkennist af mismunandi tímabilum þar sem konur hafa skipulagt sig og hagað sér sem hagsmunahópur á grundvelli kyns síns. Franskar konur við lok nítjándu aldar kröfðust þess að markmið byltingarinnar myndu líka ná til þeirra, femínistar víða um heim á tuttugustu öld marseruðu um stræti og torg þar sem þær kröfðust kosningarréttar og á sjöunda áratugnum börðust konur fyrir réttindum sínum undir slagorðinu „hið persónulega er pólitískt“ þar sem þær beittu sér fyrir endurskilgreiningu á ábyrgð hins opinbera. Óháð því hvaða afstaða er tekin um hvort tala eigi um sameiginlega hagsmuni til þess að greina aðstæður kvenna, þá er staðreynd að í gegnum aldirnar hafa konur skipulagt sig og athafnað sig á grundvelli kyns síns (Hedlund, 1988).

Gun Hedlund (1988) fjallar um konur sem hagsmunahóp í grein sinni *Women's Interest in Local Politics*. Hún beinir sjónum sínum að mikilvægi þátttöku kvenna í stjórnámálum út frá umræðunni um hagsmuni. Hún tekur sérstaklega fyrir hugtakið *kvennahagsmunir*. Það vísar til þess að konur hafi ákveðinna hagsmuna að gæta, sem eru ólíkir og oft andstæðir þeim er karlar hafa. Hedlund segir það vera ástæðuna fyrir mikilvægi stjórnmaláþátttöku kvenna; í heimi sem hefur gengið út frá þörfum karla sé mikilvægt að konur hafi fulltrúa til að ná sínum málum fram (Hedlund, 1988).

Þegar rætt er um *kvennahagsmuni* er þó mikilvægt að velja upp þeirri spurningu hvort það sé í raun hægt að fullyrða um það að konur sem hópur hafi ákveðinna hagsmuna að gæta óháð því hvað *konunum* sjálfum innan þessa skilgreinda hóps þykir. En hér takast á fyrrnefnd sjónarmið póstrúktúralískra og sósíalískra femínista um hvernig skuli skilgreina konur og hvort það sé í raun hægt vegna margbreytileika þeirra (Anna G. Jónasdóttir, 1988).

Samkvæmt sjónarhorninu um *almenna hagsmuni* starfa stjórnmalakonur sem *einstaklingar* í þágu mismunandi hópa eftir þörfum hverju sinni, en ekki sérstaklega eftir kyni. Það er svo gengið út frá því að konur hafi almennt séð ákveðna reynslu sem bætir upp þá sem karlar búa yfir. Þá segja sumir að mikilvægt sé að kynin vinni saman í þágu heildarinnar á meðan aðrir eru sannfærðir um að slíkur samhljómur sé óraunhæfur vegna þeirrar kynbundnu skiptingu sem er til staðar í atvinnulífinu. Konur sem helsta stoð umönnunarstarfa geri þær til dæmis að fulltrúum annarra hópa en karlmenn standa fyrir. Stuðningsmenn þessa viðhorfs eru þeirrar skoðunar að konur og karlar bæti hvort annað upp en auk þess leggja þau áherslu á að uppbygging samfélagsins sé þess eðlis að tækifæri konunnar til þess að halda hagsmunum sinna hópa á lofti er veikari en karla. Ef litið er framhjá því og aðeins rætt um að finna *samhljóm* verða hagsmunir kvenna aldrei jafnréttáir hagsmunum karla (Hedlund, 1988).

Kvenkyns fulltrúar í stjórnámálum lenda á milli þessara tveggja sjónarhorna og stuðningsmanna þeirra. Í hlutverki sínu sem hluti af floknum sem hún tilheyrir deilir konan gildum og hugmyndafræði með karlkyns félögum sínum og stendur oft en ekki frammi fyrir þrýstingi frá þeim til þess að starfa samkvæmt sjónarhorni hinna almennu hagsmuna. Á hinn bóginn verður hún væntanlega fyrir áhrifum og þrýstingi sem kemur utan frá, þar sem ákveðnar væntingar um að hún sé málsvari kvenna sem sérstaks hagsmunahóps geta verið töluverðar. Þannig er líklegt að hún lendi á milli steins og sleggju á milli þessara tveggja ólíku væntinga til starfa hennar. Þessi staða er dæmigerð fyrir stjórnmalakonur og ekki ólík erfiðari stöðu kvenna almennt í þessu sambandi (Hedlund, 1988).

Að þessu sögðu er eðlilegt að spyrja *hvort* og *hvernig* hægt sé að greina á milli þessara tveggja hugmynda. Almennir hagsmunir horfa til stöðu einstaklinga og hlutverka þeirra (fólk sem foreldrar, sem starfskraftar og svo framvegis) en kvennahagsmunir verða til út frá sögulega skilgreindum kynhlutverkum. Anna G. Jónasdóttir (1988) velti þessu fyrir sér en benti á fjölda rannsókna sem sýndu að þvert á alla tvíræðni þá sé *kynið* það sem hefur mest að segja um stjórnálahegðun einstaklinga, á þá leið að konur sækjast eftir og styðja málefni er varða ábyrgð (á samborgurum og náttúruauðlindum) í mun meiri mæli og á annan hátt heldur en karlmenn gera (Anna G. Jónasdóttir, 1988). Á Íslandi var til dæmis fyrsta baráttumál kvenna að stofna háskóla, þó þær sjálfar höfðu ekki öðlast *leyfi* til þess að ganga í framhaldsskóla, auk þess var Landspítalinn reistur fyrir tilstilli sérstaks kvenfélags. Við stöndum frammi fyrir þeim raunveruleika að í engu þróuðu landi hafa konur náð þeirri stöðu að geta gefið upp baráttuna fyrir að vera metnar sem hópur til jafns við karlmenn. Það sé staðreynd sem ekki er hægt að líta framhjá í femínískum umræðum um hagsmuni (Anna G. Jónasdóttir, 1988, Auður Styrkárstöttir, 1998). En hvað er til ráða? Næst mun ég fjalla um leiðir sem hafa verið mótaðar til þess að leiðrétta það misrétti sem hefur skapast af þessu ójafnvægi kynjanna.

5 Stjórnþæki hins opinbera

Undanfarna áratugi hefur mikið farið fyrir umræðum um hvernig eigi að auka þátttöku kvenna í stjórnámum og öðrum áhrifastöðum, helst þá í viðskiptalífínu. Stórt skref var tekið á Alþingi nýlega þegar breytingar á hlutafélögum voru samþykktar á Alþingi en þær fela í sér ákvæði um kynjahlutfall í stjórnun fyrirtækja. Frá og með 1. September 2013 er félögum sem hafa að jafnaði 50 starfsmenn eða fleiri skylt að sjá til þess að hvort kyn um sig eigi að minnsta kosti 40% fulltrúa í stjórnnum þess (Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, 2011).

Þessar breytingar falla undir róttækari handaflsaðgerðir í jafnréttismálum og þeim hefur ekki verið tekið hljóðalaust. Þá takast aðallega á þau tvö andstæðu viðhorf sem annars vegar mæla á móti aðgerðum af þessum toga þar sem haldið er fram að kynin eigi að njóta jafnra tækifæra og þau hafi sambærilegar forsendur til þess að nýta sér þau. En svo hins vegar að slíkar forsendur séu ekki til staðar og því sé nauðsynlegt að beita sérstökum aðgerðum á borð við ofangreinda *40% reglu hlutafélagalaga* til þess að auka þátttöku kvenna.

Eins og fyrr segir leggja frjálslyndir femínistar áherslu á formleg réttindi kvenna og *jafnrétti* feli í sér að þau séu í höfn. Aðrir femínistar leggjast harðlega gegn þeirri sýn. Anne Phillips (1995) segir til dæmis nauðsynlegt að kynferði sé samþykkt sem pólitísk breyta og aðgerðum beitt sem tryggi þátttöku kvenna í stjórnámum. Lýðræði verði að taka *tillit* til ákveðinna hópa. Hún segir slík rök vera óháð þeirri spurningu hvort konur í stjórnámum endurspegli hagsmunahóp kvenna eða ekki. Málið snúist öllu heldur um að viðurkenna það að áhrifastöður sem endurspeglar aðeins annað kynið séu ólýðræðislegar, en þannig talar hún inn í *réttlætisrökin*. Til þess að leiðrétta slíkt þurfi að grípa til beinna aðgerða (Anne Phillips, 1995). Með beinum aðgerðum er gjarnan átt við jákvæða mismunun, sértækar aðgerðir og kynjakvóta.

5.1 Jákvæð mismunun og sértækar aðgerðir

Þorgerður Einarsdóttir (2007) bendir á að notkun hugtakanna *sértækar aðgerðir* og *jákvæð mismunun* hafi oft og tíðum verið óljós og þá ekki síður meðal ráðamanna þessa lands. Þó sé skýr greinarmunur gerður á þeim í femínískum fræðum. *Jákvæð mismunun* er þegar einstaklingur af því kyni sem hallar á er ráðinn í starf, að uppfylltum lágmarksskilyrðum sem gerð eru til starfsins, jafnvel þótt hæfari einstaklingur af hinu kyninu sé meðal umsækjenda. (Þorgerður Einarsdóttir, 2007).

Hér á landi er ekki lagaheimild til þess að beita jákvæðri mismunun og sem fyrr segir virðist heilt á lítið ekki vera góður skilningur á hugtakinu. Sænsk stjórnvöld hafa hins vegar fjallað ítarlega um hugmyndafræði þess og því er gagnlegt að líta til þeirra skilyrða sem þau hafa sett fyrir beitingu hennar. Þar hefur jákvæð mismunun fyrst talist lögmæt að því gefnu að ákveðin lágmarkshæfni hafi verið skilgreind og munurinn á milli þeirra einstaklinga sem um ræðir sé ekki *of mikill*. Þá er sett krafa um að svo aðgerðirnar geti talist lögmæt þurfi það kyn sem hallar á að vera 40% starfsmanna eða færri, auk þess sem þær verða að vera hluti af *markvissu* jafnréttistarfi (Þorgerður Einarsdóttir, 2007). Þó ekki hafi verið velvild hjá íslenskum stjórnvöldum gagnvart jákvæðri mismunun í gegnum tíðina

hafa *sértækar aðgerðir* hlotið viðurkenningu löggjafans með hinni svokölluðu forgangsreglu Jafnréttislaga frá 1976. Á því rúma þrjátíu ára tímabili sem þau hafa verið í gildi hafa verið gerðar ýmsar breytingar en forgangsreglan felur nú í sér að *þegar val stendur á milli tveggja jafnhæfra einstaklinga skuli veita starfið þeim einstaklingi af því kyni sem er í minnihluta á starfssviðinu* (Brynhildur G. Flovenz, 2007). Með sértækum aðgerðum er því viðurkennt að hin frjálslynda skilgreining á jöfnum rétti geti í raun aukið kynjamuninn. Mismunandi staða kvenna og karla skapi ákveðnar forsendur fyrir því að konum sé bætt upp það sem þeim skorti svo meiri möguleiki sé fyrir bæði kynin að keppa á sambærilegum grundvelli (Þorgerður Einarsdóttir, 2007). Sértækar aðgerðir beinast sömuleiðis oft að því að skapa rými fyrir konur á afmörkuðum sviðum þar sem hallað hefur á þær. Sem dæmi um slíkt er útgáfa bæklingisins „*Eflum lýðræðið - Konur í sveitarstjórn*“. Honum var ætlað að hvetja konur um allt land og óháð flokkslínum til þess að gefa kost á sér til sveitarstjórna árið 2010 og auka þar með áhrif sín (Jafnréttisstofa og samgöngu – og sveitarstjórnarráðuneytið, 2010).

Til þess að skoða umræður innan femínískra fræða um aðgerðir til leiðréttingar á stöðu kvenna mun ég beina sjónum mínum að tiltölulega nýju stafi í jafnréttisumræðunni, kynjakvótum. Ágreiningurinn um réttmæti þeirra endurspeglar mikið til þær hugmyndir sem ríkja um hversu langt skuli ganga til þess að jafna stöðu kynjanna.

5.2 Kynjakvótar og virkir gerendur

Fyrirnefndar aðgerðir má í raun útskýra sem tæki eða aðferð til þess að rétta hlut kvenna gagnvart körlum í valda- og áhrifastöðum á hinum opinbera vettvangi. Með þeim fylgir viðurkenning á nauðsyn þess að gera ákveðnum hópum hærra undir höfði með löggjöf í viðleitni til að rétt hlut þeirra til jafnvægis við aðra hópa samfélagsins (Dahlerup, 2006). Kynjakvótar falla undir róttækari tegund slíkra aðgerða og fela í sér ákvörðun um að halda ákveðnu lágmarkshlutfalli þess kyns sem hallar á innan viðeigandi starfsvettvangs, með það að markmiði að jafna hlutfall kvenna og karla innan þeirra (Þorgerður Einarsdóttir, 2007). Fyrirnefndar breytingar á hlutafélagalögum sem taka gildi 2013 og sem fela í sér ákvæði um hlutfall kynja í stjórnnum félaga er dæmi um innleiðingu kynjakvóta (Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, 2011).

Frjálslyndir femínistar beita sér gegn lögleiðingu aðgerða á borð við kynjakvóta jafnt í stjórnmálum sem atvinnulífínu enda ganga þær þvert á hugmyndir þeirra um *jafnrétti*. Þau viðurkenna að það halli á konur sökum kynferðis en líta ekki svo á að handaflsaðgerðir í lögum þoki samfélaginu í rétta átt. Þó kynjahlutföll myndu jafnast út í stjórnmálum og stjórnun fyrirtækja þá eigi það ekki að vera markmið sem sóst er eftir. Samfélag verði ekki betra ef jafnt hlutfall kynja er í öllum stöðum, heldur eigi markmiðið að snúast um að konur og karlar sækist í jafn miklum mæli eftir sömu hlutverkum og kynin treysti hvort öðru til jafns. Þá muni konur sjálfkrafa auka hlut sinn í hátt settum stöðum eftir því sem *tímanum líður*. Þolinmæði sé nauðsynleg því jafnrétti komi með tímanum (Dahlerup, 2003).

Hér að framan hef ég rakið þær ósýnilegu hindranir sem konur standa frammi fyrir en sú umfjöllun varpar ljósi á röksemdafærslur sem ganga þvert á þetta sjónarhorn og varða mikilvægi þess að líta til þeirra afla sem falin eru í samfélagsgerðinni, samanber glerþakið og sálfræðilega áhrifaþætti á borð við fyrirmyndir. Leiðrétting á formlegu og lagalegu óréttlæti eða geðslag kvennanna sjálfra hefur ekki áhrif á slíkt. Engu að síður leggja andstæðingar kynjakvóta ríka áherslu á að konum verði ekki mikill

greiði gerður með því að veita þeim stöður aðeins vegna kyns síns „þær eigi ekki að vera til skrauts til að fylla einhvern kvóta“ (Helga Lára Haarde, 2010). Þau segja vandamálið fyrst og fremst vera samfélagslegt og sjá það ekki vera leyst með *misrétti* eða *þvingunum*. Því þurfi samfélagslegar breytingar að eiga sér stað svo að konur og karlar hafi sama *áhuga* á að keppa um þær stöður sem karlmenn sitja um og þannig sé hugarfar kvenna ein mesta hindrunin. Hið opinbera skuli ekki beita beinum íhlutunum heldur annars konar óbeinum aðgerðum á borð við gagnrýnni umræðu og upplýsingum um stöðu kynjajafnréttis innan flokka og fyrirtækja og þannig styðja við aðhald sem kemur af til hálfu almenningsálits (Anderson og Hysock, 2009).

Slíkar lausnir telja fylgjendur kynjakvóta hins vegar standa á veikum grunni og rannsóknir sýna hversu brýn nauðsyn er fyrir þeim breytingum á hlutafélagalögum sem Alþingi hefur samþykkt og boðar kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja. Gögn frá Creditinfo um hlutdeild kvenna í íslensku atvinnulífi (2009) sýndu til að mynda ótvírætt að þegar bæði kyn eru í stjórn fyrirtækja vegnar þeim betur. Fyrirtækin sýna betri útkomu í rekstri, eru langlífari og líkur á vanskilum þeirra eru minni. Félag kvenna í atvinnurekstri birti niðurstöður rannsóknar (2010) sem sýna jafnframt að þrátt fyrir það fækkaði fyrirtækjum með báðum kynjum í stjórn um 16 talsins frá 2009 til 2010, eða úr 15% í 14%. Í maí 2010 eru eingöngu karlmenn í stjórnnum 72% íslenskra fyrirtækja. Á móti eru 14% fyrirtækja eingöngu með konur í stjórn og sami fjöldi fyrirtækja er með forystu mannaða báðum kynjum (Félag kvenna í atvinnurekstri, 2010).

Stjórn málafræðingurinn Anne Phillips (1995) leggur áherslu á lögmati sértækra aðgerða í jafnréttismálum. Hún segir að kynjajafnrétti í stjórn málum megi réttlæta sem leiðréttingu á fyrrum óréttlæti. Það sé fjarstæðukennt og ósanngjarnt að karlar einoki pólitískar stöður. Hún bendir á að jafn réttur kynja til þátttöku sé til staðar en hins vegar sé það ekki raunin þegar kemur að aðgengi í pólitískar fulltrúastöður. Jafnrétti þurfi að skilgreina með jöfn tækifæri og jafna *útkomu* í huga. Kynjakvótar standi vörð um það. Hún segir jafnframt að þó þeir séu til staðar er ekki hægt að gera ráð fyrir því að konur tali fyrir hönd allra kvenna, enda sé markmiðið að fá breiðan hóp kvenna í valdastöður en ekki einsleitan hóp þeirra. Þar styður Phillips málflutning þeirra sem hafa fært rök fyrir mikilvægi kvenkyns fulltrúa vegna þeirra *kvennahagsmuna* sem yrðu að öðrum kosti fótum troðnir.

Þá hefur verið bent á að þótt konur hafi verið útilokaðar frá tilteknum samfélagskerfum og gæðum sé ekki þar með sagt að nærvera þeirra ein og sér breyti hlutunum. Fullyrðingar um slíkt eðlisgeri kynjamun og eiginleika kynjanna sem sé umræðunni ekki til framdráttar. En eins og fyrr segir hafa rannsóknir sýnt fram á að konur jafnt sem karlar taki mið af umhverfi sínu og meðtaki þau gildi og viðmið sem eru til staðar. Þá sé ljóst að kynjakvótar leysi ekki allan vanda, þeim fylgir ekki sjálfkrafa að sjónarmið kvenna liggi til grundvallar eða aukin kynjavitund komi samfara auknum hlut kvenna, hins vegar á að með aðgerðum á borð við kynjakvóta aukast líkurnar á hvoru tveggja (Þorgerður Einarsdóttir, 2007).

Sarah Childs og Mona Lena Krook (2009) höfðu mikil áhrif á þessa umræðu með grein sinni *Analysing Women's Substantive Representation: From Critical Mass to Critical Actors*. Þær viðurkenna að fjöldi kvenna sé vissulega mikilvægur en hafi ekki úrslitaáhrif þegar kemur að framgöngu í málefnum kvenna og leggja áherslu á *virka gerendur* í þeim efnum. Í umræðum um aukin völd- og áhrif kvenna þurfi að víkka út áhersluna á *fjölda* þeirra og horfa til þess hvernig konur og

sömuleiðis karlar *beita sér* fyrir samfélagslegum jöfnuði í stöðum sínum. Konur sem aðlaga sig að karllægum áherslum vinnustaðar síns skili ekki tilætluðum árangri þótt þær séu margar. Hins vegar geta einstaka gerendur haft mikið að segja fyrir framgöngu kvenna en þar skipta hugsjónir og baráttuvilji lykilmáli (Childs og Krook, 2009). Því er grundvallaratriði að unnið sé rétt með hugmyndirnar um sértækar aðgerðir og kvóta. Ef litið er á þær sem handaflsgerðir sem sé aðeins til þess fallið að jafna hausatölur er um yfirborðslega skammtímalausn að ræða. Þá er verið að vinna með einkenni vandans en ekki rætur hans. Til þess að fyrrnefndar aðgerðir eigi að bera árangur þurfi að líta á þær sem *ferli*, sem valdeflandi tæki til þess að endurskilgreina ráðandi kerfi og grafa undan umframvaldi karlmanna og forréttindum þeirra. Með því móti geta sértækar aðgerðir og kvótar verið mikilvægir til þess að skapa rými fyrir breytingar. Jafnréttishugtakið verður að taka mið af kerfislægum mismun ef sanngjörn og réttlæt samfélagsskipan á að nást (Þorgerður Einarsdóttir, 2007).

6 Niðurstöður

Í ritgerðinni hef ég leitast við að varpa ljósi á *hvers vegna* það er mikilvægt að konur séu til jafns við karla í valda- og áhrifastöðum og *hvaða þættir* standa í vegi fyrir að svo sé. Hugmyndafræðilegur arfur vestrænna samfélaga hefur byggt samfélagskerfi sem hyllir karlmönnum sem leiðtogum. Valda- og áhrifastöður hafa verið smíðaðar af þeim og fyrir þá en lengi framan af var erindi kvenna virt að vettugi. Rótgróin tvíhyggja um eðli hins opinbera sviðs og einkasviðs hefur afmarkað stöðu þeirra. Fyrir tilstilli ötulla kvenna standa konur í dag frammi fyrir takmörkuðum formlegum hindrunum. Engu að síður liggur hin rótgróna hugmyndafræði sem skilgreinir konur til hliðar við karla djúpt í samfélagskerfinu og framganga kvenna inn á hið opinbera svið hefur ekki reynst næg til þess að breyta karllægri stofnun valdsins. Konur standa enn frammi fyrir hindrunum sem eru fyrst og fremst ósýnilegar og hafa ekki fengist leiðréttar þrátt fyrir afnám þeirra formlegu. Sýnileg réttindi eru aðeins toppurinn á ísjakanum og því er erfitt að styðja rökstuðning frjálslýndrar femínískrar hugmyndafræði um að kvennabaráttan eigi að afmarkast við lagalega stöðu kvenna.

Vald er margslungið fyrirbæri og femínískar greiningar á samfélagskerfinu sýna hvernig það helst í höndum karla. Til þess að sporna við því er mikilvægt að öðlast þekkingu á mismunandi birtingarmyndum valdsins og hversu dulið og óljóst það getur verið. Með því að kortleggja samfélagskerfið á þann hátt sem er rakið í þessari ritgerð fást því sóknarfæri fyrir konur til þess að vinna á móti þessum öflum sem halda áfram að vinna gegn þeim þrátt fyrir allt. Það er auðvelt að verða samdauna þeim skilgreiningum á hlutverki og eðli kynjanna sem hafa myndast á forsendum karla og hygla yfirburðum þeirra. Það er nefnilega í eðli valdhafa að verja völd sín og beita yfirburðunum í þágu þeirra. Mótspyrna á borð við afbökun á málflutningi kvenna eða afneitun á þeirri stöðu sem dregin er fram í dagsljósið er því að mörgu leiti eðlilegur hluti af viðbrögðum við þeirri framsókn. Framsókn sem er konum nauðsynleg til þess að geta raunverulega staðið jafnfætis körlum sem leiðtogar og stjórnendur í lýðræðisríkjum.

Í breyttu pólitísku umhverfi og samfara auknum réttindum kvenna hefur verið bent á að aðgangur þeirra að valda- og áhrifastöðum snúist ekki aðeins um réttlæti heldur einnig nauðsyn þeirra fyrir samfélagslega velferð. Nytjarökin eru ekki síður mikilvæg en réttlætisrökin. Mikilvægi kvenna í valda- og áhrifastöðum beinist að mörgu leiti að því að fjarlægja fyrrnefndar ósýnilegar hindranir sem konur standa frammi fyrir og þar er hlutverk þeirra kvenna sem fyrirmyndir annarra kvenna ótvírætt. Rannsóknir hafa sýnt hversu mikilvægt það er að taka sálfræðileg áhrif óréttlætisins á konur til greina þegar rætt er um kynjakerfið. Til dæmis gerir skortur á kvenkyns leiðtogum þeim konum sem ná slíkum stöðum erfiðara fyrir, bæði hvað varðar það að fóta sig í starfinu og sömuleiðis að aðlagast umhverfi sem er að mestum hluta mannað karlmönnum. Auk þess er ljóst að því fleiri konur sem eru í valda- og áhrifastöðum því líklegri eru aðrar konur til þess að hafa áhuga á að feta sömu braut. Kynferði skiptir þó ekki öllu máli en umræðan um virka gerendur sýnir að ekki er aðeins nauðsynlegt að *konur* séu í hlutverki fyrirmynda heldur séu það þær konur sem eru tilbúnar til þess að standa vörð um baráttumál kvenna.

Umræðan um fyrirmyndir er þó viðkvæm. Hætta er á því að áhersla á kvenkyns fyrirmyndir í leiðtogastöðum séu afmyndaðar á þann veg að konur *vilji ekki* hafa sig frammi eða skorti metnað til þess. Hugtakið um glerpakið er þýðingarmikið í þessu sambandi og góð myndlíking fyrir þá krafta sem vinna á móti konum sem búa þrátt fyrir allt við fullt formlegt jafnrétti. Kynjakvótar eru að mínu mati sú lausn sem er best til þess fallin að vinna á þessu vandamáli og umfjöllun ritgerðarinnar rennir stöðum undir þær röksemdafærslur. Með því að tryggja konum leiðtogastöður í stjórnámálum og atvinnulífinu er skapast rými fyrir breytingar á viðmiðum samfélagsins og ýtt undir mörguleikum kvenna til áhrifa á þessum sviðum samfara því sem glerpakið svokallaða er brotið upp.

Heimildaskrá

- Alþingi. (2006, mars). *Forseti Alþingis greindi frá stöðu jafnréttismála á fundi kvenþingforseta í New York*. Sótt 15. desember 2011 af <http://www.althingi.is/vefur/frett.html?nfrettnr=627>
- Alþingi. (2011). *Konur á Alþingi*. Sótt 16. desember 2011 af <http://www.althingi.is/vefur/konur.html>
- Anna G. Jónasdóttir. (1988). On the Concept of Interest, Women's Interests, and the Limitations of Interest Theory. Í Anna G. Jónasdóttir og Kathleen B. Jones (ritstjórar), *The Political Interests of Gender: Developing Theory and Research with a Feminist Face* (bls. 33-65). London: Sage Publications.
- Anna Lilja Þrastardóttir. (2010). *Dáðleysi kvenna. Eða er öðru um að kenna? Stjórnmalakonur í fjölmiðlum fyrir Alþingiskosningarnar 2009*. Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.
- Auður Styrkárstöttir. (1998). *From Feminism to Class Politics: The Rise of Women's Politics in Reykjavík 1908-1922*. Svíþjóð: Department of Political Science, Umea University.
- Baker, Ernest. (1962). *The Politics of Aristotle*. New York: Oxford University Press.
- Beasley, C. (1999). *What is Feminism: An Introduction to Feminist Theory*. London: Sage Publications.
- Brynhildur G. Flovenz. (2007). Jafnréttislög í þrjátíu ár. *Úlfjótur*, 1: 5-23
- Bryson, V. (1992). *Feminist Political Theory*. London: Macmillan.
- Childs, S. og Krook, M.L. (2009). Analysin Women's Substantive Representation: From Critical Mass to Critical Actors. *Government and Opposition*. 44(2), 125-145.
- Claire, L. St. (1989). When is Gender a Handicap? Towards Conceptualizing the Socially Constructed Disadvantages Experienced by Women. Í Skevington, S. og Baker, D. (ritstjórar), *The Social Identity of Women*. London: Sage Publications.
- Creditinfo. (2009, maí). Hlutdeild kvenna í íslensku atvinnulífi. Sótt 9. Janúar 2012 af http://www.sa.is/files/CI%20-%20Hlutdeild%20kvenna%20%C3%AD%20%C3%ADslensku%20atvinnul%20%C3%ADfi_1606926578.pdf
- Dahlerup, D. (2006). *Women, Quotas and Politics*. New York: Routledge.
- Donovan, J. (1985). *Feminist Theory: The Intellectual Traditions of American Feminism*. New York: Frederick Ungar.
- Efnahags- og viðskiptaráðuneytið. (2011, 4. apríl). Stofnun félaga. Sótt 9. janúar 2012 af <http://www.efnahagsraduneyti.is/malaflokkar/felagarettur/uppl/nr/3113>
- Field, John. *Social Capital: Second Edition*. London, New York: Routledge.
- Félag kvenna í atvinnurekstri. (2010, maí). Hlutdeild kvenna í atvinnulífinu. Sótt 20. desember 2011 af <http://fka.is/?i=2&f=2&o=1022>
- Fréttatíminn. (2010). *Helgarblað 22.- 24. október 2010*. Sótt 21. desember 2011 af http://www.frettatiminn.is/UserFiles/File/4%20tbl_small.pdf

- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2006). Er leiðtogahlutverkið kynjað? Í Úlfar Hauksson (ritstj.) Rannsóknir í félagsvísindum VI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006. Reykjavík: Félagsstofnun Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands. (2010). Alþingiskosningar 23. apríl 2009 (Rafræn útgáfa). Hagtíðindi, 95(13).
- Hagstofa Íslands. (2008). Alþingiskosningar 12. maí 2007 (Rafræn útgáfa). Hagtíðindi, 93(3).
- Hagstofa Íslands. (2009). Karlar og konur í áhrifastöðum 2008 (Rafræn útgáfa). Hagtíðindi, 95(5).
- Hedlund, G. (1988). Women's Interest in Local Politics. The Political Interest of Gender, 79-105.
- Helga Lára Haarde. (15. mars 2010). Tilgangurinn helgar ekki alltaf meðalið. Deiglan. Sótt 19. nóvember 2011 af http://www.deiglan.com/index.php?itemid=13071&fb_source=message
- Jafnréttisstofa og Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið. 2010. Eflum lýðræðið – Konur í sveitarstjórn. Sótt 9. Janúar af <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir2010/Konur-i-sveitarstjorn.pdf>
- Kristín Linda Loftsdóttir. (2011). Rannsókn á hlutdeild kynjanna í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla. Jafnréttisstofa.
- Lowe, M. og Hubbard, R. (1983). Woman's Nature: rationalizations Inequality. New York: Pergamon Press.
- Lukes, S. (1975). Power: A Radical View. London: Macmillan.
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008.
- Maguire, A. (1985). Personally Speaking. Dublin: Attic Press
- McDowell, L. og Pringle, R. (1992). Defining Women: Social Institutions and Gender Relations. United Kingdom: Polity Press.
- McRobbie, A. Post-feminism and pop culture. Feminist Media Studies, 4:3. 255-264. Sótt 15. desember 2011 af <http://www.tandfonline.com/doi/pdf/10.1080/1468077042000309937>
- Newsweek. (2011). The Best and Worst Places for Woman. Sótt 21. Desember 2011 af <http://www.thedailybeast.com/content/dailybeast/articles/2011/09/18/best-and-worst-countries-for-women-from-iceland-to-the-u-s-to-pakistan-and-afghanistan.html>
- Nicholson, L. J. (1984). Beyond Domination: New Perspective on Women and Philosophy. Totowa: Rowman and Allanheld.
- Nicholson, L. J. (1990). Feminism/Postmodernism. New York, London: Routledge.
- Humm, M. (ritstjóri). (1992). Feminisms: A Reader. Maylands Avenue: Harvester Wheatsheaf.
- Phillis, A. (1987). Introduction to Feminism and Equality. Oxford: Basil Blackwell.
- Phillis, A. (1995). The Politics of Presence: The Political Representation of Gender, Ethnicity and Race. Oxford: Clarendon Press.

- Singh, V., Vinnicombe, S. og James, K. (2006). Constructing a Professional Identity: How Young Female Managers Use Role Models. *Women in management*, 21(1), 67-81.
- Thomas, B. S. (2011). Pornography as Work Culture and Cultural Phenomenon. *Nýsköpunarsjóður námsmanna*.
- Anderson, M og Hysock, D. (2009). *Thinking about Women: Sociological Perspectives on Sex and Gender*. Boston: Pearson.
- Weber, L. (2001). *Understanding Race, Class, Gender and Sexuality: A Conceptual Framwork*. Boston: McGraw-Hill.
- Weedon, C. (1997). *Feminist Practice and Poststructuralist Theory* (2. útgáfa). Oxford: Blackwell Publishers.
- Wolbrecht, C. og Campell, D. E. (2007). Leading by Example: Female Members of Parliament as Political Role Models. *American Journal of Political Science*, 51(4), 921-939.
- Þorgerður Einarsdóttir. (2007). Aumingjahjálpi eða afbygging á umframvaldi? Sérþækar aðgerðir, jákvæð mismunun og kvótar í íslenskri jafnréttisumræðu. *Rannsóknir í félagsvísindum VIII*, bls. 391- 402.
- Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. (2009). Kynjaskekkja í stjórnámum: breytingar og áhrifapættir. *Stjórnám og stjórnsýsla: Vefþímarit*. 1(5), 5-25.
- Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2009). From Reluctance to Fast Track Engineering. Í Moss, P. og Kamerman, S. (ritstjórar). *The Politics of Parental Leave Policies. Children, Parenting and the Labour Market* (bls. 159-175). Bristol: Policy Press.